

## Kynningarbréf

Heil og sæl, Ég heiti Hrafnhildur Blöndahl og er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi. Ég er gift Jóni Þór Jóhannssyni og saman eigum við eina dóttur, Þórdísi Blöndahl.

Áhugi minn á hestamennsku kviknaði snemma, þrátt fyrir að ég hafi byrjað frekar seint í sportinu. Foreldrar mínir höfðu sjálfir enga tengingu við hestamennsku, en studdu mig af heilum hug – meðal annars með endalausum skutli – sem gerði mér kleift að komast þangað sem ég er í dag. Þessi reynsla hefur gefið mér dýrmætan skilning á stöðu ungs fólks sem stendur eitt í þessu sporti, og mér finnst afar mikilvægt að styðja við þau og hjálpa þeim að komast af stað.

Ég hef starfað lengi fyrir félagið og haft sérstaklega gaman af því að vinna með yngstu knöpunum okkar. Ég hef kennt pollanámskeið um árabil, en þar liggur einmitt framtíð hestamenskunnar. Einnig sá ég um félagshesthúsið í nokkur ár, sem ég tel vera mikilvægan þátt í starfsemi félagsins.

Í okkar öfluga félagi er fjölbreyttur hópur félagsmanna á öllum stigum, og ég tel mikilvægt að allir hafi tækifæri til að blómstra og njóta þessa dásamlega sports. Það er ekki nóg að tala um breytingar – það þarf að vera tilbúinn að taka ábyrgð, leggja sitt af mörkum og vinna að umbótum. Ég hef tekið þátt í ýmsum sjálfboðastörfum innan félagsins og tel mig búa yfir bæði þekkingu og reynslu til að leggja mitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar og eflingar þess.

